



FRÉTTABRÉF FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

2. TBL 2014

MAÍ 2014

Í ÞESSU
FRÉTTABRÉFI:

AÐALFUNDUR FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN 2014

AÐALFUNDUR FÉLAGS 1 UM INNRI ENDUR- SKOÐUN 2014

MORGUNVERÐAR- FUNDUR FIE 2

NEFNDASTARF FIE - ALÞJÓÐANEFND 3

INNRI ENDUR- SKOÐUNARDAGURINN 4 2014

PISTILL STJÓRNAR 5

Aðalfundur Félags um innri endurskoðun verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík miðviku-
daginn 21. maí 2014 kl. 8:30.

Þrjú stjórnarmenn eru að ljúka kjörtímabili sínu og ganga úr stjórn. Félagsmenn sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að halda uppi öfluggu starfi hjá félaginu eru hvattir til að bjóða sig fram til stjórnar- og nefndarsetu. Æskilegt er að áhugasamir hafi samband við stjórn til að auðvelda undirbúning kosninga, þótt einnig verði hægt að bjóða sig fram á fundinum. Samkvæmt samþykktum eru formenn fastanefnda kjörnir á aðalfundi, en þeir fá í lið með sér áhugasama félagsmenn til að starfa í nefndunum.

Dagskrá:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu ári.
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Breytingar á samþykktum. (tillögur um breytingar: http://fie.is/fileadmin/vefskjal/2014_FIE_samthykktir_tillaga_til_breytinga_a_adalfundi21mai.pdf)
4. Kosning stjórnar. *)
5. Kosning formanna nefnda skv. 7. gr.
6. Kosning endurskoðanda annað hvert ár. *)
7. Ákvörðun félagsgjalds.
8. Önnur mál.

*) Athugið að ef tillögur um breytingar á samþykktum félagsins ná fram að ganga breytast heiti þessara dagskrárlíða til samræmis við uppfærðar samþykktir.

Boðið verður uppá morgunverð.

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. (www.theiia.org) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

MORGUNVERÐARFUNDUR FIE GAGNALEKI OG GAGNASTULDUR – NETÖRYGGI

Annar morgunverðarfundur vetrarins var haldinn á Grand hótél Reykjavík þann 29. janúar síðastliðinn.

Að þessu sinni var efni fundarins: „Gagnaleki og gagnastuldur – netöryggi“ og voru fyrirlesarar tveir sérfræðingar í upplýsingaöryggi frá ráðgjafarfirmakerkjum Deloitte og Capacent.

Fyrst fjallaði Úlfar Andri Jónasson ráðgjafi í upplýsingaöryggi hjá Deloitte um hvað innri endurskoðendur þurfa að hafa helst í huga um varnir gegn gagnaleka og gagnastuldi. Þar vísaði hann til þágildandi leiðbeinandi tilmæla FME 1/2012 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila, (leiðbeinandi tilmælin hafa síðan verið endurútgefin þann 21. mars 2014 (nr. 2/2014)). Í þeim beinir FME m.a. þeim tilmælum til eftirlitsskyldra aðila að þeir komi á verkferlum sem tryggja vernd búnaðar, lagna, kerfa og upplýsinga sem eru mikilvæg rekstri aðilans. Einnig kom fram að að mati FME þurfi eftirlitsskyldur aðili að tryggja að fullnægjandi stjórn og stýringar séu til staðar fyrir netkerfi til að tryggja vernd fyrir ógnum og halda uppi öryggi fyrir þau kerfi og hugbúnað sem notar netið, þ.á.m. upplýsingar í flutningi. Þá var fjallað var um nauðsyn upplýsingaöryggisstefnu fyrirtækja, meðal annars atriða eins og lykilorðastefnu, dulkóðun tölvu og snjalltækja, eldveggja og virkrar neyðar- og viðbragðsáætlunar. Einnig var komið inn á netárásir og hvernig fyrirtæki geta varist slíkum árásum með t.d. veikleikagreiningu, árásarprófunum o.fl.

Næst fjallaði Jón Kristinn Ragnarsson, ráðgjafi í áhættustjórnun, upplýsingaöryggi og upplýsingatækni hjá Capacent um skjálalausnir. Farið var yfir hvernig skjálalausnir eru helst notaðar af fyrirtækjum og stofnunum, hverjir eru kostirnir og hverjar eru hætturnar. Jón Kristinn fór yfir hvað innri endurskoðendur þurfa að hafa í huga nú þegar enn fleiri aðilar leitast við að flytja gögn sín í hið óræða en margumrædda ský.

Eftir fyrirlestrana var boðið upp á fyrirspurnir og nýttu fundarmenn sér það. Nokkuð vel var mætt á fundinn eða 46 félagsmenn.

Glærur fyrirlesara eru aðgengilegar á læstu svæði á [heimasíðu](#) félagsins.

NEFNDASTARF FIE - ALPJÓÐANEFND

Fræðslunefnd heldur áfram að kynna nefndastarf innan FIE. Í síðasta fréttabréfi var fræðslunefnd kynnt og nú alþjóðanefnd. Leitað var til formanns alþjóðanefndar og óskað eftir yfirliti yfir störf alþjóðanefndar á núverandi starfsári.

Alþjóðanefnd er kjörin á aðalfundi og s.l vor hlotnaðist undirrituðum sá heiður að vera kosinn formaður þeirrar nefndar. Með mér í þessari nefnd eru Ástráður Karl Guðmundsson og Sigurjón G. Geirsson. Boðað var til fyrsta fundar í nefndinni á haustmánuðum og þar var farið yfir erindisbréf nefndarinnar og þau verkefni sem höfðu verið á könnu Alþjóðanefndar. Þetta var aðallega að skoða staðla og þýðingar sem og að vinna að einstökum málum í umboði stjórnar. Eitt slíkt mál var að skoða stöðu innri endurskoðunar og innri endurskoðenda á hinum Norðurlöndunum og það var síðan meginviðfangsefni ársins. Þetta varðaði að skoða löggjöf í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi að því að varðar lögformlega stöðu innri endurskoðunar þ.e.a.s væri hugtakið „Innri endurskoðun“ og „Innri endurskoðandi“ skilgreint í löggjöf viðkomandi landa.

Sem lið í gagnaöflun þá voru sendar spurningar til til tengiliða okkar á hjá norrænu systurfélögum. Svör bárust frá tveimur félögum og í báðum þeim svörum kom fram að þar er mjög sambærileg löggjöf og hér heima. Það er í stuttu máli að það er engin fagleg krafa sett fram um hvað teljist vera „Innri endurskoðandi“ sem sagt innan lagaramma um endurskoðendur. Þar er heldur enga tilvísun að finna á IIA, eða CIA eða neitt varðandi landsfélög IIA í hverju landi fyrir sig og að auki er ekki að finna tilvísun til IPPF s.s staðla um innri endurskoðun.

Á sama tíma komu fram upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á lögum um opinber fjármál á Íslandi, lög sem að öllum líkindum eru samþykkt þegar þessi grein kemur út. Þar er að finna ákvæði í lögum um innri endurskoðun á grundvelli alþjóðlegra staðla um innri endurskoðun. Það er náttúrulega mjög jákvætt að því að varðar framkvæmd innri endurskoðunar en það verður að koma í ljós í reglugerð þeirra sem á eftir að setja á grundvelli laganna, hverju þetta nákvæmlega breytir um stöðu innri endurskoðunar á Íslandi.

Guðjón Viðar Valdimarsson, CIA, CFSA, CISA

Alþjóðanefnd heldur utan um samskipti við alþjóðasamtök innri endurskoðenda og eftir atvikum aðra erlenda samstarfsaðila félagsins. Nefndin skal fylgjast með þróun alþjóðlegra staðla á sviði innri endurskoðunar.

INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN

Innri endurskoðunardagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur í marsmánuði ár hvert allt frá árinu 2008. Að þessu sinni bar daginn upp á 1. apríl en að mati ritnefndar var dagskráin ekkert aprílgebb, heldur verulega áhugaverð fyrir félagsmenn og aðra þátttakendur.

Á dagskrá voru tveir erlendir fyrirlesarar og þrír innlendir. Svana Helen Björnsdóttir, stjórnarformaður Stika ehf. var fundarstjóri en formaður félagsins, Anna Margrét Jóhannesdóttir, setti ráðstefnuna.

Fyrstur á mælendaskrá var Martin Stevens, sem er varaformaður Norges Interne Revisorerers Forening (NIRF) og stjórnarmaður í Evrópu-samtökum innri endurskoðenda (ECIIA). Erindi hans hét Trends in European Corporate Governance and Internal Audit. Martin sýndi m.a. nýútgafið efni frá ECIIA um innri endurskoðun. Martin fjallaði um þann lærdóm sem draga má frá stjórnskipulaginu í fjármála-krisinni. Þar vísaði hann til skýrslunnar („Changing banking for good“ – Report of the Parliamentary Commission on Banking Standards – UK) frá júní 2013. Þá kom hann inn á („The UK Financial Services Code - Effective Internal Audit in the Financial Services Sector“). Martin dró fram nokkur atriði úr skýrslunni og túlkaði þau m.a. þannig að hlutverk innri endurskoðunar væri meira að verja eignir fyrirtækja s.s. eignir, orðspor og sjálfbærni og því minni áhersla lögð á að bæta virði þeirra. Næst kom Martin inn á hlutverk Evrópusamtaka innri endurskoðanda ECIIA sem væri m.a. að efla virði innri endurskoðunar í stjórnarháttum í Evrópu. Þar nefndi hann ýmsar skýrslur sem hafa verið gefnar út m.a. („Corporate Governance Codes on Internal Audit“) og („Improving cooperation between internal and external audit“). Ræddi hann aðeins um þætti upp úr skýrslunni um samvinnu innri og ytri endurskoðunar og nefndir kostir eins og aðstoða stjórn við að fá betri heildaryfirsýn á rekstrinum og áhættum, forðast tvíverknað o.fl. Síðan kom hann inn á ECIIA skýrsluna („Making the most of Internal Audit Function“) og bendir ritnefnd á síðuna <http://www.ecija.eu/> og glærurnar á lokaða svæði félagsins til frekari upplýsinga.

Ágúst Hrafnkelsson, innri endurskoðandi Íslandsbanka, stjórnarmaður í alþjóðasamtökum innri endurskoðenda og meðlimur í staðla-ráði IIA kom næstur í pontu og fjallaði um hlutverk innri endurskoðunar í áhættustýringu og regluvörslu. Hann rifjaði upp leiðbeiningar um aðkomu innri endurskoðenda að áhættustýringu og einkum hvenær þeir teldust ganga of langt og taka á sig hlutverk stjórnenda. Með vaxandi þrýstingi á tekjuaukningu í fyrirtækjum samhliða aðhaldi í rekstrarkostnaði er mikilvægt fyrir innri endurskoðun að vinna náið með áhættustýringu, regluvörslu og öðrum mikilvægum eftirlitseiningum. Um leið og eftirlit er samstillt og samhæft til að auka heildaryfirsýn yfir áhættu á sem hagkvæmastan hátt verður þó að gæta þess að missa ekki sjónar af eftirlitshlutverki innri endurskoðunar með fyrstu og annarri varnarlinu. Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun skal innri endurskoðandi ræða við stjórnendur ef hann telur þá hafa ákveðið að sætta svið við áhættu sem kann að vera óásættanleg fyrir fyrirtækið og upplýsa stjórn ef hann telur málið ekki hafa verið leyst. Þá lagði Ágúst áherslu á að innri endurskoðendur þyrftu að búa yfir viðeigandi hæfni til að meta áhættu og starfsemi áhættustýringar.

Að loknu kaffihléi kom í pontu Neil Graeme Brown, formaður endurskoðunarnefndar Íslandsbanka. Hann fór yfir hlutverk endurskoðunarnefnda sem er m.a. allt sem viðkemur reikningsskilum, innri endurskoðun, ásamt öðrum atriðum. Hann setti einnig fram fullyrðingu dagsins („A Thesis For Today“) sem kom m.a. inn á þá samkeppni sem hann telur geta myndast milli yfirmanns áhættustýringar og innri endurskoðanda við að fá áheyrn stjórnar. Eins eru aðrir aðilar sem keppast um áheyrn stjórnar s.s. áhættustjóri, áhættu-nefnd, nefnd um stjórnarhætti, nefnd um samfélagsábyrgð og fleiri aðilar. Önnur atriði sem tengjast fullyrðingu dagsins var að það hann taldi að það að gera aðra ábyrga fyrir eftirlitspáttum geti dregið úr innri endurskoðun sem faggrein. („Making other people accountable for controls can leave the profession marginalised“), óhæði frá stjórnendum væri tvíeggja sverð, stórar áskoranir væru framundan og breytinga gæti verið þörf. Hann lagði áherslu á að innri endurskoðun þyrfti að horfa fram á við og vera opin fyrir að vera meira ráðgefandi t.d. við yfirtökur félaga og fleiri verkefni sem fyrirtæki ráðast í. Hraðar breytingar fyrirtækja skapa tækifæri á meiri þátttöku. Vöktun og greining: hver á að sjá um það og vera ábyrgur fyrir því? Innri endurskoðun?

Næst talaði Ingbór Karl Eiríksson, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og fjallaði um lagafrumvarp sem nú bíður um-fjöllunar hjá Alþingi, um opinber fjármál. Þetta lagafrumvarp er mjög áhugavert fyrir innri endurskoðendur þar sem í frumvarpinu er lögð sú skylda á ákveðnar tegundir ríkisstofnana að þær hafi innri endurskoðun og kemur fram að nánari útfærsla skuli gerð með reglugerð. FIE hefur beðið þessa frumvarps um langt skeið og hefur stjórn félagsins fylgst náið með þeirri vinnu sem hefur farið fram í ráðuneytinu og fengið að gefa umsögn um frumvarpsdrögin.

Lokaorðið hafði Brynhildur Pétursdóttir alþingiskona. Hún talaði um eftirlitshlutverk Alþingis. Erindi hennar var mjög upplýsandi og átti einkar vel við þar sem störf eftirlitsnefnda Alþingis eins og þeim var list, minna a.m.k. að hluta til töluvert á störf endurskoðunarnefnda sem undirnefnda stjórnar. Það var því áhugavert fyrir innri endurskoðendurna í salnum að heyra um þá vinnu sem fram fer í eftirlits-nefndum Alþingis.

Vel var mætt á innri endurskoðunardaginn eða 65 manns og FIE þakkar öllum sem mættu fyrir þátttökuna.

Heimasíða félagsins er:

www.fie.is

bls. 5 - 2 TBL 2014



Ábyrgðarmaður:

Albert Ólafsson

Netfang: fie@fie.is

Fræðslunefnd FIE

Sigríður Guðmundsdóttir, formaður

Sif Einarsdóttir

Sigrún Lilja Sigmarsdóttir

Viðar Kárason

PISTILL STJÓRNAR

Ágætu félagsmenn, nú er ellefta starfsári félagsins að ljúka. Margt hefur gerst á þessu starfsári, í byrjun október var haldin glæsileg haustráðstefna um áhættustýringu, síðan hafa verið haldnir nokkrir morgunverðarfundir og Innri endurskoðunardagurinn var haldinn hátíðlegur 1. apríl sl.

Félagið hefur verið í samskiptum við ráðuneyti og eftirlitsstofnanir með það að markmiði að vekja athygli á nauðsyn þess að bæta reglur, lagalega umgjörð og skilyrði er varða viðurkenningu á faggrein innri endurskoðunar og þeim faglegum kröfum sem gera þarf til innri endurskoðenda og þeirra sem starfa við innri endurskoðun.

Fulltrúar stjórnar áttu fund með fjármálaráðuneytinu þar sem stjórn gafst kostur á að koma með athugasemdir við frumvarp til laga um opinber fjármál, sem fjallar m.a. um innri endurskoðun hjá A-hluta ríkissjóðs. Þetta var góður fundur og í frumvarpi, sem lagt var fram á Alþingi í lok mars sést að tekið hefur verið tillit til okkar ábendinga.

Mikilvægt er að efla kynningu á innri endurskoðun og félaginu meðal innlendra aðila sem standa utan félagsins. Stofnuð var sérstök útbreiðslunefnd og hefur Auðbjörg Friðgeirsdóttir verið skipuð formaður nefndarinnar. Þeim félagsmönnum sem áhuga hafa á því að taka þátt í nefndinni er bent á að hafa samband við formann nefndarinnar.

Framundan er aðalfundur félagsins þann 21. maí næstkomandi kl. 08:30 á Grand Hótel. Á fundinum verða þó nokkrar breytingar á stjórn, þrír stjórnarmenn ganga úr stjórn og tækifæri gefst fyrir félagsmenn að bjóða sig fram til stjórnar og annarra embætta á fundinum. Aðalfundur er vettvangur til að koma á framfæri skoðunum um áherslu starfsins á næsta ári og finna sér farveg til að taka þátt í félagsstarfinu. Við hvetjum félagsmenn til þess að mæta, taka þátt í félagsstarfinu og snæða með okkur morgunverð miðvikudaginn 21. maí nk.

Ágætu félagsmenn, stjórn félagsins óskar ykkur gleðilegs sumar og þakkar fyrir gott starf síðastliðinn vetur.

Stjórn FIE



Stjórn FIE:

formaður:

Anna Margrét
Jóhannesdóttir



varaformaður:
Albert Ólafsson



gjaldkeri:
Hrefna Gunnarsdóttir



ritari:
Ágúst Hrafnkelsson



meðstjórnandi:
Nanna Huld Aradóttir